



# Notkunar- og viðhaldshandbók

## Hefðbundið Caterpillar-útvarp

K56 1-UP (Vinnuvél)	LYF 1-UP (Vinnuvél)
K57 1-UP (Vinnuvél)	LYG 1-UP (Vinnuvél)
K58 1-UP (Vinnuvél)	HWK 1-UP (Vinnuvél)
LYR 1-UP (Vinnuvél)	HWN 1-UP (Vinnuvél)
L66 1-UP (Vinnuvél)	LYJ 1-UP (Vinnuvél)
L77 1-UP (Vinnuvél)	HWP 1-UP (Vinnuvél)
L88 1-UP (Vinnuvél)	LYK 1-UP (Vinnuvél)
H66 1-UP (Vinnuvél)	HWR 1-UP (Vinnuvél)
H77 1-UP (Vinnuvél)	LYL 1-UP (Vinnuvél)
H88 1-UP (Vinnuvél)	HWS 1-UP (Vinnuvél)
LBF 1-UP (Vinnuvél)	L22 1-UP (Vinnuvél)
LYA 1-UP (Vinnuvél)	H24 1-UP (Vinnuvél)
HWA 1-UP (Vinnuvél)	H22 1-UP (Vinnuvél)
HWB 1-UP (Vinnuvél)	H26 1-UP (Vinnuvél)
LBS 1-UP (Vinnuvél)	L24 1-UP (Vinnuvél)
LYB 1-UP (Vinnuvél)	KJH 1-UP (Vinnuvél)
HWC 1-UP (Vinnuvél)	DC9 1-UP (Vinnuvél)
LYC 1-UP (Vinnuvél)	JW2 1-UP (Vinnuvél)
HWD 1-UP (Vinnuvél)	JC3 1-UP (Vinnuvél)
LYD 1-UP (Vinnuvél)	SL4 1-UP (Vinnuvél)
HWE 1-UP (Vinnuvél)	
LYE 1-UP (Vinnuvél)	
HWG 1-UP (Vinnuvél)	

Tungumál: upprunalegar leiðbeiningar



Skannaðu til að finna og kaupa varahluti frá Cat® og fá tengdar þjónustuupplýsingar.



## Mikilvægar öryggisupplýsingar

Flest slys sem snerta notkun vélarinnar, viðhald og viðgerðir verða þegar ekki er fylgt grundvallaröryggisreglum eða varúðar gætt. Oft er hægt að forðast slys með því að gera sér grein fyrir hugsanlegum háskalegum aðstæðum, áður en slys verða. Viðkomandi verður að vera á verði gagnvart hugsanlegri hættu, þar með töldum mannlegum atriðum sem geta haft áhrif á öryggi. Þessi aðili þarf einnig að búa yfir nauðsynlegri þjálfun, færni og tækjum til að vinna þessi verk rétt.

**Röng notkun, smurning, viðhald eða viðgerð á vélinni getur verið hættuleg og gæti valdið meiðslum eða dauða.**

**Ekki nota þessa vél, né framkvæma smurvinnu, viðhald eða viðgerðir, fyrr en þú hefur gengið úr skugga um að þú hafir leyfi til að framkvæma þessa vinnu og hafir lesið og skilið upplýsingar varðandi notkun, smurningu, viðhald og viðgerðir.**

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir er að finna í handbók þessari og á vélinni. Ef þessar viðvaranir eru hunsaðar gæti það valdið þér eða öðrum meiðslum eða bana.

Hættur eru auðkenndar með viðvörunartákni og skýringarorði, t.d. „HÆTTA“, „VIÐVÖRUN“ eða „VARÚÐ“. Merking með viðvöruninni „VIÐVÖRUN“ er sýnd hér að neðan.



Þetta viðvörunartákn þýðir eftirfarandi:

**Takið eftir! Sýnið árvekni! Öryggi þitt er í húfi.**

Skilaboðin sem birtast undir viðvöruninni skýra hættuna og eru ýmist á rituðu eða myndrænu formi.

Tilteknaðgerðir sem valdið geta skemmdum á vélinni eru táknaðar með “NOTICE (TAKIÐ EFTIR)” merkingum á vélinni og í þessu riti.

**Caterpillar getur ekki séð fyrir allar hugsanlegar kringumstæður þar sem hættu getur verið á ferðum. Viðvaranirnar í þessu riti og á vélinni eru því ekki altækar. Ekki má nota þessa vöru með öðrum hætti en fram kemur í þessari handbók án þess að ganga fyrst úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra öryggisreglna og varúðarráðstafana sem eiga við um notkun vörunnar á hverjum stað, þar á meðal öryggisreglna og varúðarráðstafana sem gilda á vinnusvæðinu hverju sinni. Ef notast er við verkfæri, aðferð, verklag eða vinnutækni sem ekki er sérstaklega mælt með af Caterpillar verður þú að fullvissa þig um að þér og öðru fólki stafi ekki hættu af. Þú verður einnig að ganga úr skugga um að þú hafir leyfi til að framkvæma þessa vinnu og að vélin verði ekki fyrir skemmdum eða verði óörugg vegna vinnulags við vinnu, smurningu, viðhald eða viðgerða sem þú hyggst framkvæma.**

Upplýsingarnar, tæknilýsingarnar og skýringarmyndirnar í þessu riti eru byggðar á upplýsingum sem lágu fyrir þegar ritið var skrifað. Tæknilýsing, herslur, þrýstingur, mál, stillingar, skýringarmyndir og aðrir þættir geta breyst hvenær sem er. Þessar breytingar geta haft áhrif á það viðhald sem vélinni er veitt. Aflið bestu og nýjustu upplýsinga áður en byrjað er á nokkru verki. Cat söluaðilar hafa nýjustu upplýsingar á takteinum.

### ATHUGIÐ

**Þegar þörf er á varahlutum fyrir þessa vöru mælir Caterpillar með því að notaðir séu varahlutir frá Caterpillar®.**

**Aðrir varahlutir uppfylla hugsanlega ekki tiltekna tæknilýsingar upprunalega búnaðarins.**

**Þegar varahlutir eru settir upp ætti eigandi/notandi vinnuvélarinnar að tryggja að vinnuvélin sé áfram í samræmi við allar gildandi kröfur.**

**Í Bandaríkjunum getur viðhald, ísetning varahluta eða viðgerðir á útblásturskerfum farið fram á hvaða verkstæði eða af einstaklingi sem eigandinn kys.**

---

## Innihald

Formáli..... 4

### Öryggiskafli

Almennar upplýsingar um hættu ..... 5

### Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk

Útvarpstíðnihlutir ..... 6

### Notkunarkafli

Notkun ..... 8

### Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ..... 21

## Formáli

### Upplýsingar um handbókina

Handbókina skal geyma í handbókarhólfi vörunnar.

Þessi handbók inniheldur öryggisupplýsingar, notkunarleiðbeiningar og viðhaldsupplýsingar.

Sumar ljósmyndir eða skýringarmyndir í þessari handbók sýna smáatriði eða tengihluti sem eru e.t.v. ólík viðkomandi vöru.

Endurbætur og þróun vöruhönnunar kann að hafa leitt til breytinga á vörunni sem ekki er fjallað um í þessari handbók. Lesið og skoðið þessa handbók vandlega og geymið hana hjá vörunni.

Ef spurningar vakna varðandi vöruna eða þessa handbók er hægt að nálgast nýjustu upplýsingar hjá söluaðila Cat.

### Öryggi

Öryggiskaflinn fjallar um grundvallaröryggisráðstafanir. Í þessum kafla er auk þess vísað til texta og staðsetninga öryggismerkinga og -skilaboða sem notaðar eru á vörunni.

### Notkun

Notkunarleiðbeiningar eru til viðmiðunar fyrir nýja stjórnendur og til upprifjunar fyrir reynslumeiri stjórnendur. Í þessum kafla er m.a. að finna umfjöllun um mæla, rofa, stjórnþæki vörunnar, stýringar tengihluta og upplýsingar um forritun.

Ljósmyndir og skýringarmyndir leiðbeina stjórnanda í gegnum rétt ferli við að skoða, gangsetja, nota og stöðva vöruna.

Handbókin lýsir grundvallaratriðum við notkun. Stjórnandi þróar síðan með sér hæfni og tækni eftir því sem hann þekkir betur inn á vöruna og getu hennar.

### Viðhald

Viðhaldsupplýsingarnar eru leiðbeiningar um viðhald búnaðarins.

# Öryggiskafli

i09224426

## Almennar upplýsingar um hættu

SMCS Kódi: 7606

### ⚠ AÐVÖRUN

Notið hvorki þennan búnað né vinnið við hann án þess að hafa lesið og skilið leiðbeiningarnar og viðvaranirnar sem er að finna í notkunar- og viðhaldshandbókunum. Slysa eða dauði kann að hljóta af því að fylgja ekki leiðbeiningunum og aðvörunum. Hafið samband við söluaðila Caterpillar varðandi nýjar handbækur. Fullnægjandi viðhald er á þinni ábyrgð.

## Formáli

Takk fyrir að kaupa þessa vöru. Lesið handbókina vandlega áður en hún er notuð og geymið handbókina til síðari nota.

Þetta skjal er viðbót við notkunar- og viðhaldshandbók búnaðarins. Festið þetta skjal við notkunar- og viðhaldshandbók búnaðarins.

## Inngangur

Í þessu fylgiskjali er að finna upplýsingar um notkun Caterpillar AM/FM-útvarpsins.

Ekki má nota búnaðinn eða sinna viðhaldi á honum án þess að hafa lesið og skilið leiðbeiningarnar og viðvaranirnar í notkunar- og viðhaldshandbók búnaðarins. Lesa verður innihald þessa skjals vandlega áður en búnaðurinn sem Caterpillar AM/FM-útvarpið fylgir með er notaður.

## Varúðarráðstöfun

- Notið eingöngu í 12 volta rafkerfi með jafnstraumi og mínusjarðtengingu
- Aftengið mínusskaut rafgeymisins á meðan einingin er fest og tengd.
- Þegar skipt er um öryggi skal skipta því út fyrir öryggi með sömu ampertölu.
- Notkun öryggis með hærri ampertölu getur valdið alvarlegum skemmdum á einingunni.
- Gætið þess að pinnar og óhreinindi komist ekki inn í eininguna því slíkt getur valdið bilun eða skapað hættu á borð við raflost.

- Ef ökutækið hefur staðið óhreyft í langan tíma í heitu eða köldu veðri skal bíða þar til hitastig þess verður eðlilegt áður en kveikt er á útvarpinu.

## Áður en notkun hefst

Ekki stilla hljóðstyrk of hátt. Stillið hljóðstyrkinn þannig að viðvörunarhljóð að utan heyrast (flautur og þess háttar).

Stöðvið ökutækið áður en flóknum aðgerðum er sinnt.

## Varúð

Ekki taka hlífina af og ekki reyna að gera við. Leitið aðstoðar hjá söluaðila.

**Athugasemd:** Tæknilýsing og hönnun getur breyst án fyrirvara vegna endurbóta á tæknibúnaði.

Ef fjarskiptabúnaður eða búnaður er staðsettur á svæðum þar sem tenging við internetið er ekki til staðar á meðan varan er í notkun skal prenta út eintak af notkunar- og viðhaldsbókinni og geyma það hjá vörunni.

Notkunar- og viðhaldsbækur er hægt að nálgast á netinu á:

<https://www.cat.com/radio-compliance>

eða á netinu á:

<https://catpublications.com/>

# Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk

## Útvarpstíðniíhlutir

i09223170

### Útvarp (Hefðbundið útvarp – ef það er til staðar)

SMCS Kódi: 7338

Tafla 1

Gerð	Cat -hlutarnúmer
Hefðbundið útvarp	525 - 1508 Útvarp Gp
Hefðbundið útvarp (DAB+)	524 - 3711 Útvarp Gp
Hefðbundið útvarp (ekki Bluetooth)	620 - 0149 Útvarp Gp
Hefðbundið útvarp (DAB+/ekki Bluetooth)	620 - 0150 Útvarp Gp

### sDoC

(Einfölduð samræmisýfirlýsing)

### Evrópusambandið



Caterpillar Inc. 100 NE Adams Peoria, IL  
61629 USA

Hér með lýsir Caterpillar Inc. því yfir að þessi þráðlaus fjarskiptabúnaður er í samræmi við tilskipun "2014/53/ESB". Heildartexta samræmisýfirlýsingar Evrópusambandsins er að finna á eftirfarandi vefsvæði:

<https://www.cat.com/radio-compliance>

### Bretland



Caterpillar Inc. 100 NE Adams Peoria, IL  
61629 USA

Caterpillar Inc. lýsir því hér með yfir að þessi fjarskiptabúnaður er í samræmi við viðeigandi lögbundnar kröfur. Heildartexta samræmisýfirlýsingar Stóra-Bretlands er að finna á eftirfarandi vefsvæði:

<https://www.cat.com/radio-compliance>

Caterpillar leggur til að skömmu eftir kaup verði eigandi sér úti um samræmisýfirlýsinguna.

## Tæknilýsing

Eftirfarandi tæknilýsingar fjarskiptabúnaðarins eru gefnar upp til aðstoðar við tengt áhættumat og til að tryggja að staðbundnum reglugerðum sé framfylgt:

Tafla 2

Tæknilýsing útvarps	
Hlutur	Lýsing
<b>Almenn:</b>	
Rafmagn	12 VDC
Hámarksflúttak	41 W x 4 rásir
Viðnám í hátalara	4Ω
Mál (B x D x H)	188 mm x 114,7 mm x 58,5 mm
Þyngd	0.9 kg (1.99 lb)
<b>FM sterióútvarp:</b>	
Næmi:	<14 dBμ
Tíðnisvörðun	50 Hz – 10 kHz
Steríóaðskilnaður	22 dB (1 kHz)
Svarhlutfall myndar	40 dB
Innrætt svarhlutfall	60 dB
Hlutfall merki/suðs	50 dB
<b>AM-/MW-útvarp</b>	
Næmi:	<35 dBμ
<b>USB:</b>	
Úttaksafli	5 V, 0,5 amper

Tafla 3

Tæknilýsing útvarpssenda				
Gerð útvarps	Tíðnisvið	Svið	Hámarksflúttak	
Hefðbundið útvarp (Bluetooth) (ISM-tíðni)	2,400 GHz – 2,483 GHz	10 m	+4 dBm	
<b>AM/FM-útvarp</b>	<b>BAND</b>	<b>Móttekin tíðni</b>	<b>Sjálfvirkt bil</b>	<b>Bil milli rása</b>
<b>US</b>	FM	87,5 – 107,9 MHz	200 kHz	100 kHz
	AM	530 – 1710 kHz	10 kHz	10 kHz
<b>Evrópa</b>	FM	87,5 – 108,0 MHz	100 kHz	50 kHz

(framhald)

(Tafla 3, framhald)

	MW	522 – 1620 kHz	9 kHz	9 kHz
	LW	144 – 288 kHz	3 kHz	3 kHz
Asia	FM	87,5 – 108,0 MHz	50 kHz	50 kHz
	AM	522 – 1629 kHz	9 kHz	9 kHz
Japan	FM	76,0 – 95,0 MHz	100 kHz	100 kHz
	AM	522 – 1629 kHz	9 kHz	9 kHz
Róman- ska Ame- rika	FM	76,0 – 107,9 MHz	50 kHz	50 kHz
	AM	530 – 1710 kHz	10 kHz	10 kHz
Norður- Afríka	FM	87,5 – 108,0 MHz	100 kHz	50 kHz
	MW	531 – 1602 kHz	9 kHz	9 kHz
	LW	153 – 252 kHz	3 kHz	3 kHz

Tafla 4

Stafrænt (DAB) útlarp			
Tíðnisvið:	DAB-tíðni III: 174,928 MHz ~ 239,200 MHz		
	DAB-tíðni L: 1452,960 MHz ~ 1490,624 MHz		
Nothæft næmi (RF=72 dBm)	-95 dBm		
Tíðnisvörðun:	20 Hz – 20 kHz		
Steríóaðskilnaður	≥ 50 dB		
Hlutfall merki/ suðs:	≥ 60 dB		
	Atriði	Lágm.	Mest
	Val fyrir mikla fjarlægð:	42 dB	60 dB
	Aðliggjandi stöð hafnað:	35 dB	40 dB

## Vottunartilkynningar

### FCC- og IC-tilkynning

Þetta útlarp uppfyllir 15. hluta reglna FCC og iðnaðarleyfi Kanada hvað varðar undanþágu fyrir RSS. Notkun er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum:

- Þetta tæki má ekki valda truflunum og
- Þetta tæki verður að taka við truflunum, þ.m.t. truflunum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á virkni tækisins.

### Váhrif af völdum geislunar

Þetta tæki uppfyllir váhrifamörk FCC/IC vegna geislunar í óstýrðu umhverfi, auk þess að uppfylla váhrifamörk FCC vegna útlarpstíðni. Váhrifamörk vegna útlarpstíðni má finna í viðbæti C við OET65. Tækið uppfyllir einnig RSS-102 í IC-reglum um útlarpstíðni (RF). Reglur um váhrif. Ekki setja sendinn nálægt loftneti eða láta hann vinna með neinu öðru loftneti eða sendi.

### Tilkynning um stafrænt tæki í FCC-flokki B

Þessi búnaður hefur verið prófaður og telst samræmast takmörkunum fyrir stafrænt tæki í B-flokki, samkvæmt 15. hluta reglna FCC. Þessum takmörkunum er ætlað að veita hæfilega vernd gegn skaðlegri truflun í íbúðarbyggð. Þessi búnaður myndar, notar og getur gefið frá sér útlarpstíðniorku og ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við leiðbeiningarnar getur hann valdið skaðlegum truflunum á útlarpssamskiptum. Hins vegar er engin trygging fyrir því að truflanir eigi sér ekki stað á tilteknu svæði. Valdi þessi búnaður skaðlegri truflun á útlarps- eða sjónvarpsmóttöku er hægt að staðfesta það með því að slökkva og kveikja á búnaðinum. Notandinn er hvattur til að reyna að draga úr trufluninni með einni eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- Leita aðstoðar hjá söluaðila eða hjá sérfróðum útlarps-/sjónvarpstæknimanni.

### Yfirlýsing um breytingar

Caterpillar hefur ekki samþykkt breytingar á þessu tæki af hálfu notandans. Breytingar geta ógilt heimild notandans til notkunar á búnaðinum.

# Notkunarkafli

## Notkun

i09224425

### Útvarp

(Afpreying – ef hún er til staðar)

SMCS Kódi: 7338

#### VARÚÐ

Við akstur skal ávallt fylgjast vel með veginum, hafa hendur á stýrinu og hugann við aksturinn. Ökumaðurinn er alltaf ábyrgur fyrir öruggri notkun ökutækisins. Meiðsli geta hlotist af því að líta af veginum og hafa hendur ekki á stýrinu við akstur.

## Inngangur


Upplýsingar í þessari notendahandbók voru réttar þegar hún var gefin út. Caterpillar áskilur sér hins vegar rétt til að breyta tæknilýsingum og afköstum án fyrirvara. Leitið upplýsinga hjá söluaðila um mögulegar breytingar sem átt hafa sér stað frá því að þessi handbók var prentuð.

Útvarpinu er stjórnað með hnöppum, RSA-búnaði (Rear Seat Audio) eða stjórnækjum í stýri.

## Móttökutæki, steríó (Bluetooth-útvörp)





**Móttökutæki, steríó (útvörp án Bluetooth)**


Skýringarmynd 2

g06783394

**Móttökutæki fyrir útvörp/USB MP3/USB/DAB+/DAB/ekki Bluetooth**

Notkunarkafli  
Aþpreying – ef hún er til staðar

## Rafmagnstengingar



Skýringarmynd 3

g06247910

- (1) DAB SMB-tengi  
(2) AM/FM ISO-tengi

## Útvarpstengi

Útvarpstengi eru eftirfarandi



Pin No	Note	Pin No	Note
3	Telephone mute low	9	Rear R+
4	Ignition	10	Rear R-
5	Antenna Remote	11	Front R+
6	Illumination	12	Front R-
7	Battery+	13	Front L+
8	Power Ground	14	Front L-
21	SWRC+	15	Rear L+
22	SWRC GND	16	Rear L-
23	Left AUX Input	25	AUX GND
24	AUX Shield GND	26	Right AUX Input
31	Mic+	32	Mic-

(1)

(2)

Skýringarmynd 4


g06794044

## Útvarpstengi

(1) Mic+ (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

(2) Mic- (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

## Almennir eiginleikar útvarpstækis



Skýringarmynd 5

g06787581

- (1) Hljóðnemi (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)
- (2) Kveikja / slökkva / þagga
- (3) SRC-hnappur (hljóðgjafi)
- (4) Tíðni / AST-hnappur
- (5) Hnappurinn „Velja“ (SEL)
- (6) DISP (skjár) spila/hlé

- (7) PREV (fyrri)
- (8) Hnappur Næst
- (9) USB-rauf
- (10) Næsta MP3-mappa / leggja á síma (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)
- (11) Fyrri MP3-mappa / taka upp síma (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

- (12) MP3-handahófsþilun
- (13) Endurtaka MP3-spilun
- (14) Inngangsspilun fyrir stöð (SCAN)
- (15) MP3 / Bluetooth-spilun / hlé á spilun (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)
- (16) Aux-tengi að framan

### Valkostir

- AM-tíðnisvið með sex forstilltum AM-stöðvum
- Þrjú FM-tíðnisvið með 18 forstilltum FM-stöðvum
- Ein veðurtíðni með sex forstilltum WX-stöðvum

### Almenn notkun

#### Kveikja / slökkva / þagga

Ýtið á hnappinn til að kveikja/slökkva til að kveikja á útvarpinu. Haldið hnappinum til að kveikja/slökkva inni í meira en tvær sekúndur til að slökkva á útvarpinu. Slökkt verður á hljóði útvarpsins ef hnappinum til að kveikja/slökkva er haldið inni styttra en tvær sekúndur.

#### Svissregla

Þegar svissreglan er virk (sjálfgefin stilling) er hægt að kveikja og slökkva á útvarpinu þótt ekki hafi verið svissað á. Sjálfkrafa er slökkt á útvarpinu eftir einnar klukkustundar aðgerðaleysi til að koma í veg fyrir afhleðslu rafgeymisins.

### Kerfisstillingar

Valmynd kerfisstillinga er opnuð með því að halda DISP-hnappinum inni. Til að opna tiltæk valmyndaratriði er ýtt á leitarhnappana [ << />> ]. Snúið [VOL]-skífundi til að velja innan hvers valmyndaratriðis.

#### SRC-hnappur (hljóðgjafi)

Ýtið á SRC-hnappinn til að skipta á milli og velja hljóðgjafi sem í boði er: TUNER->USB->AUX F->AUX R-> Bluetooth->DAB (á við DAB-eiginleikann). USB og Bluetooth er eingöngu birt þegar viðkomandi tengingar eru til staðar.

#### Móttökusvið

Þetta útvarp er hannað til að virka á mismunandi svæðum með mismunandi tíðnisviðum. Hægt er að stilla móttökusvæðið í valmynd kerfisstillinga

Eftirfarandi svæði eru í boði:

- EVRÓPA
- ASÍA
- JAPAN

Notkunarkafli  
Afþreying – ef hún er til staðar

- Norður-Afríka
- Bandaríkin

### Stilling klukku

Hægt er að stilla klukkuna handvirkt með því að halda [DISP]-hnappinum inni.

Veljið [CLOCK] (klukka) með leitarhnöppunum [ << / >> ]. Ýtið á [SEL]-hnappinn og snúið [VOL]-skífurni til að stilla mínúturnar.

### Hljóðstyrkshnappur/staðfesta

Snúið [VOL]-skífurni til að stilla hljóðstyrkinn

### Forstillt hljóðáhrif

Útvarpið býður upp á mismunandi forstillt hljóðáhrif. Ýtið á [SEL]-hnappinn til að velja hljóðstillingavalmyndina. Snúið [VOL]-skífurni til að velja eitt af eftirfarandi: EQ OFF -> POP -> ROCK -> CLASSIC -> JAZZ -> CUSTOM.

### Jöfnun. Hækkun og lækkun og styrkur

Ýtið á [SEL]-hnappinn og svo á hnappinn [ << / >> ] til að velja BALANCE -> FADER -> LOUDNESS til að stilla jöfnun, hækkun og lækkun og styrk. Snúið [VOL]-skífurni til að stilla jöfnun, hækkun og lækkun og styrk.

### Handvirk stilling hljóðs

Ef stilla á hljóð handvirkt þarf að byrja á að velja CUSTOM (sérstilling). Ýtið á [SEL]-hnappinn og veljið svo BASS (bassi) eða TREBLE (diskantur) með hnappinum [ << / >> ]. Snúið [VOL]-skífurni til að stilla bassa og diskant.

**Athugasemd:** Sjálfgefin stilling

### AM/FM-útvarp

Ýtið á [SRC]-hnappinn og veljið „Tuner“ (útvarp) til að nota AM/FM-útvarpið.

### Tíðnival

Ýtið á [BAND]-hnappinn til að velja eina af tiltækum útvarpstíðnum. Útvarpstíðni flettist í eftirfarandi röð: FM1 -> FM2 -> FM3 -> AM1 -> AM2

**Athugasemd:** Hægt er að gera AM-tíðnina óvirka í valmynd kerfisstillinga.

### Sjálfvirk stöðvaleit

Ýtið á hnappinn [ << / >> ] til að kveikja á sjálfvirkri stöðvaleit. Útvarpið velur næstu stöð sem það finnur.

Þegar kveikt er á umferðartilkyningum („TA = ON“) er aðeins stillt á útvarpsstöðvar sem birtar umferðartilkyningar.

### Handvirk stöðvaleit

Haldið hnappinum [ << / >> ] inni í meira en tvær sekúndur til að leita handvirkt að stöðvum.MANUAL (handvirkt) birtist á skjánum. Þegar ýtt er aftur á hnappinn [ << / >> ] er hoppað upp eða niður tíðni.

### Handvirk vistun eftirlætis

18 FM og 12 AM eftirlætishólf eru í boði. Veljið eftirlætishólf til að vista stöð á og stillið á þá stöð sem á að vista. Haldið forstillingarhnappinum inni í meira en tvær sekúndur til að vista stöðina.

### Stillt á vistað eftirlæti

Ýtið á forstillingarhnapp vistaðrar eftirlætisstöðvar til að stilla á viðkomandi stöð.

### Sjálfvirk vistun í minni

Haldið hnappinum [BAND/AST] inni í tvær sekúndur til að leita að stöð með mesta sendistyrkinn og vista hana sem eftirlæti. Útvarpið leitar að stöðvum með mesta sendistyrkinn og vistar þær.

### RDS

Margar evrópskar FM-stöðvar senda út RDS-gögn (Radio Data System) til viðbótar við hefðbundið útvarpsefni.

RDS býður notandanum upp á eftirfarandi ávinning:

- Sjálfkrafa er stillt á bestu útsendingartíðni (AF) valinnar stöðvar til að tryggja bestu mögulegu gæði móttöku. Veljið „AF=ON“ í stillingavalmyndinni til að virkja sjálfvirk val á bestu útsendingartíðni.
- Útvarpið móttækur umferðartilkyningar og getur stillt á útvarpið, jafnvel þótt annað hljóðinntak sé valið. Veljið „TA=ON“ í stillingavalmyndinni til að kveikja á sjálfvirkum umferðartilkyningum.
- Sumar stöðvar bjóða upp á efni sem er misjafnt á milli svæða. Með svæðiseiginleikanum (REG) er aðeins stillt á tíðni sem útvarpar tíðni sem er sérstaklega fyrir viðkomandi svæði. Veljið „REG=ON“ í stillingavalmyndinni til að hlusta á efni fyrir tiltekin svæði.
- Hægt er að birta heiti stöðva.

**Athugasemd:** Frekari stillingar er að finna í kerfisvalmyndinni.

**Efnisgerð (PTY)**

Upplýsingar um gerð efnis sem verið er að útvarpa eru sendar um RDS-kerfi FM-stöðva í mörgum löndum.

Til að leita að æskilegri gerð efnis er ýtt á [SRC] í um tvær sekúndur og efnisgerðin svo valin með því að snúa [VOL]-skífunni. Útvarpið leitar að útvarpsþætti með valinni efnisgerð þegar ýtt er á [SEL]-hnappinn. „PTY SEEK“ birtist á skjánum.

Ef engin stöð með valda efnisgerð finnst er síðasta stöðin sem stillt var á valin og „NO PTY“ birtist á skjánum.

Eftirfarandi efnisgerðir eru í boði:

- NEWS (fréttir)
- AFFAIRS (fréttaskýringarþættir)
- INFO (upplýsingar)
- SPORTS (íþróttir)
- EDUCATE (fræðsluefni)
- DRAMA (leikið efni)
- CULTURE (menning)
- SCIENCE (vísindi)
- VARIED (ýmislegt)
- POP-M (popp)
- ROCK-M (rokk)
- EASY-M (lyftutónlist)
- LIGHT-M (létt tónlist)
- CLASSICS-M (klassík)
- OTHER-M (annað)
- WEATHER (veður)
- FINANCE (fjármál)
- CHILDREN (barnaefni)
- SOCIAL (samfélagsmál)
- RELIGION (trúsmál)
- PHONE IN (innihringiþættir)
- TRAVEL (ferðalög)
- LEISURE (afþreying)
- JAZZ (jass)

- COUNTRY (kántrí)
- NATIONAL-M (þjóðlagatónlist)
- OLDI ES (gamalt og gott)
- FOLK-M (alþýðutónlist)
- DOCUMENT (skrá)
- TEST (prófun)
- ALARM (viðvörðun)

**DAB-útvarp (í boði með DAB-eiginleika)**

DAB/DAB+ býður upp á útvarp í stafrænum hljómgæðum.

**Val í DAB-útvarpi**

Ýtið á [SRC]-hnappinn og veljið DAB til að stilla á DAB-útvarp.

**DAB-leit**

Kveikja þarf á DAB-leit með því að halda [BAND/AST] inni í tvær sekúndur til að leita að tiltækri DAB-þjónustu. „SCAN“ birtist á skjánum.

**Stillt á DAB-þjónustu**

Stillt er á DAB-þjónustu með því að ýta á [<< / >>] til að velja næstu/fyrri DAB-þjónustu. „Tuning“ birtist á skjánum.

**DAB-eftirlæti vistuð**

Þrjú DAB-eftirlætishólf eru í boði. Ýtið á [BAND]-hnappinn til að velja eina af tiltækum DAB-tíðnum. DAB-tíðni flettist í eftirfarandi röð:

- DAB1
- DAB2
- DAB3

Haldið forstillingarhnappinum inni í meira en tvær sekúndur til að vista stöðina.

**Stillt á vistað eftirlæti**

Ýtið á viðeigandi forstillingarhnapp til að stilla á viðkomandi vistaða stöð.

**Listi yfir DAB-þjónustu**

Hægt er að opna lista yfir DAB-þjónustu til að fá yfirlit yfir þá DAB-þjónustu sem í boði er.

Haldið [SEL] inni í tvær sekúndur til að opna lista yfir DAB-þjónustu. Snúið [VOL]-hnappinum til að fletta í gegnum lista yfir þær stöðvar sem í boði eru.

Notkunarkafli  
Afpreying – ef hún er til staðar

Ýtið á [SEL] til að stilla á DAB-þjónustu. „Tuning“ birtist á skjánum.

Ef þjónusta er tímabundið ekki í boði er „No Service“ (engin þjónusta) birt á skjánum.

### Skipt á milli DAB og FM

Þegar sendistyrkur DAB minnkar mikið þarf að skipta yfir á FM og halda áfram að hlusta á þeirri tíðni.

Hægt er að slökkva á skiptum á milli DAB og FM (DABFMLINK) í valmynd kerfisstillinga.

### USB/MP3/WMA

MP3 er stytting á MPEG Audio Layer 3 og vísar í þjöppunartækniastaðal fyrir hljóð. Þessi vara býður upp á spilun MP3-skráa. Einingin getur ekki lesið MP3-skrár með annarri endingu en „.mp3“. •Ef spilaðar eru aðrar skrár sem eru ekki með endingunni „.mp3“ heyrst hugsanlega bara suð. Í þessari handbók standa tölvuhugtökinn „MP3-skrá“ og „mappa“ fyrir „lag“ og „plata“. Hámarksfjöldi skráasafna og skráa er 65.535, að meðtöldu rótarsafninu. Hámarksfjöldi skráa í möppu er 1000. Einingin spilar lög mögulega ekki í sömu röð og þau eru í möppu. Styður 8 til 320 kb/sek. bitahraða og VBR (Variable Bit Rate).

**Athugasemd:** Styður 5 til 384 kb/sek. bitahraða og VBR (Variable Bit Rate).

### USB-tengi

Spilun MP3-tónlistar með USB-aðgerðum:

- Stuðningur við tengingu tveggja USB-minna
- FAT 12- / FAT 16- / FAT 32-snið studd
- Skráarheiti: 64 bæti / heiti skráasafns (DIR): 64 bæti /heiti: 30 bæti
- Merki (id3-merki, útg. 2.0) - titill/flytjandi/plata: 32 bæta stuðningur.
- Stuðningur við USB 1.1, stuðningur við USB 2.0 (fyrir 2.0 er hraðinn eins með USB 1.1)

**Athugasemd:** Ekki eru öll USB-tæki samhæf einingunni. USB-tengi styður mest 500 mA.

### Tengt/aftengt og aðgerðir USB-tækis

Stingið USB-tæki í USB-tengið. „Reading“ (les) birtist í skjánum. MP3-spilun hefst strax að því loknu.

Áður en USB-tæki er aftengt þarf að skipta yfir á annað inntak með því að ýta á [SRC]-hnappinn.

USB-tæki bjóða upp á eftirfarandi aðgerðir:

- **Spilun/hlé gert á MP3** Ýtið á hnappinn [1>] til gera hlé og halda áfram spilun MP3-skráa.

- **Næsta/fyrri MP3-lag** Ýtið á hnappinn [>|] til að velja næsta/fyrri lag.
- **Spóla áfram/aftur á bak** Haldið hnappinum [>|] inni í meira en tvær sekúndur til að spóla áfram/aftur á bak í lagi.
- **Handahófsspilun** Ýtið á hnappinn [4 RND] til að virkja handahófsspilun.
- **Endurtaka** Ýtið á hnappinn [3 RPT] til að endurtaka lag/endurtaka skráasafn/endurtaka allt.
- **LEIT** Ýtið á hnappinn [2 SCN] til að kveikja/slökkva á leit. Við leit eru öll lög spiluð í 10 sekúndur.

### Bluetooth (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

Bluetooth býður upp á notkun innbyggða hljóðkerfisins með þráðlausum síma eða þráðlausu tónlistarspilunartæki. Sumir farsímar með Bluetooth eru með hljóðspilunareiginleika og sumir þráðlausir spilarar styðja Bluetooth-eiginleika. Kerfið getur spilað hljóðgögn sem vistuð eru á hljóðtæki með Bluetooth. Hljómtæki með Bluetooth geta sótt upplýsingar í símaskrá um tengiliði, móttækin símtöl, hringd símtöl, ósvöruð símtöl og spilað tónlist.

**Athugasemd:** Ekki leggja hljóðnema þráðlauss tækis með Bluetooth þar sem loft er á mikilli hreyfingu, t.d. við úttak loftkælingar. Slíkt getur valdið bilun.

**Athugasemd:** Ef tækið er skilið eftir þar sem sól skín á það getur afmyndun og upplitun valdið bilun.

**Athugasemd:** Kerfið virkar mögulega ekki eða virkar rangt þegar tengt er við tiltekna spilara með Bluetooth.

**Athugasemd:** Samhæfni farsíma við þessa einingu er ekki tryggð.

**Athugasemd:** Hljóðspilun er stillt á sama hljóðstyrk og er valinn fyrir símtöl. Hljóðstyrkur getur valdið vandamálum ef stillt er á mjög háan hljóðstyrk í símtölum.

### Handfrjálsar aðgerðir - pörun (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

1. Kveikið á Bluetooth í farsímanum.
2. Opnið uppsetningarvalmynd Bluetooth í símanum.
3. Leitið að nýjum Bluetooth-tækjum.
4. Veljið „Cat Radio“ Bluetooth-tæki af pörunarlista farsímans.

5. Sláið „1234“ inn sem lykilorð (sjálfgefið lykilorð er „1234“).

**Athugasemd:** Að þörun lokinni kviknar á táknumum BT og HPF. A2DP-tákn kviknar eftir að A2DP er tengt

## Hringja í númer (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

LCD-skjárninn birtir símtalsupplýsingar.

Hringt:

1. Ýtið á hnappinn [SRC] til að stilla á BT/hljóðstillingu
2. Ýtið á [5 D+] til að velja aðgerðina DIAL ON, ýtið á hnappinn [SEL] / hnappinn [←/→] og snúið skífurni til að færa inn númer sem á að hringja í.

## Flytja símtal (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

Hægt er að skipta á milli handfrjáls símtals og símtals í farsíma. Ýtið á hnappinn “5” meðan á símtalinu stendur.

## Svara símtali (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

Hægt er að svara símtali með því að ýta á hnappinn “5”. Ýtið á hnappinn “6” til að hafna símtali.

## Straumspilun hljóðs (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

Straumspilun hljóðs er tækni fyrir flutning hljóðgagna í jafnri og samfeldri spilun. Notendur geta straumspilað tónlist úr ytri spilurum í útvarpinu í gegnum þráðlausa tengingu og hlustað þannig á lög í hátölurunum. Frekari upplýsingar um mögulega þráðlausa straumspilara fást hjá næsta söluaðila.

**Athugasemd:** Forðist að nota tengdan farsíma meðan á straumspilun stendur. Það getur valdið hávaða eða höktandi spilun. Ekki er víst að straumspilun hljóðs hefjist aftur eftir truflun frá síma. Það veltur á gerð farsímans. Kerfið er alltaf stillt aftur á útvarp þegar straumspilun er aftengd. Frekari upplýsingar er að finna á “Handfrjálsar aðgerðir - þörun (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)”.

## BT-/hljóðstilling (A2DP) (á eingöngu við um útvörp með Bluetooth)

- **Spilun/hlé** Ýtið á hnappinn “▶||” til gera hlé og halda áfram spilun.
- **Næsta/fyrri lag** Ýtið á hnappinn “|←/→|” til að velja næsta/fyrri lag.

**Athugasemd:** Spilunarröð ræðst af Bluetooth-spilaranum. Þegar ýtt er á hnappinn [▶||] munu sum A2DP-tæki byrja aftur á því lagi sem verið er að spila, allt eftir því hversu lengi lagið hefur verið spilað. „A2DP and HFP“ er birt á skjánum meðan á straumspilun stendur. Þegar A2DP-tæki er aftengt er „DISCONN“ birt á skjánum Hugsanlega er ekki hægt að samstillja spilun/hlé í sumum Bluetooth-spilurum við þessa einingu. Gangið úr skugga um að bæði tækið og aðaleiningin séu stillt á sömu spilunar/hléstöðu í BT/hljóðstillingu.

## Ljós deyft

Hægt er að dekkja skjáinn og hnappana. Þetta útvarp býður upp á handvirka og sjálfvirka dekkingu. Veljið „DIMMING“ í stillingavalmyndinni og veljið einn eftirfarandi valkosta:

1. Veljið „OFF“ (slökkt) til að slökkva á dekkingu.
2. Veljið „Manual“ (handvirkt) fyrir dekkingu þegar útvarpið er ekki tengt við lýsingu ökutækisins.
3. Veljið „Auto“ (sjálfvirkt) fyrir dekkingu þegar útvarpið er tengt við lýsingu ökutækisins.

## Stilling á birtustigi

Veljið handvirka stillingu til að stilla birtustig skjás og hnappa eftir þörfum.

Veljið handvirka dekkingu til að stilla birtustig skjás og hnappa

## Val fyrir dag/nótt

Veljið DIMMAN og skiptið á milli stillingar fyrir dag og nótt með því að velja „DIMDAY“ eða „DIMNIGHT“

## Stilling næturbirtustigs skjás og hnappa

Veljið „DIMNIGHT“ til að stilla næturbirtustig skjás og hnappa. Veljið því næst „DIM DISP“ og stillið birtustig skjásins. Veljið því næst „DIMNIGHT“ og stillið birtustig hnappanna.

## Stilling dagsbirtustigs skjás og hnappa

Veljið „DIMDAY“ til að stilla dagsbirtustig skjás og hnappa. Veljið því næst „DIM DISP“ og stillið birtustig skjásins. Veljið því næst „DIM KEY“ og stillið birtustig hnappanna.

## Handvirk stilling

Skiptið á milli stillingar fyrir dag og nótt með því að velja „DIMDAY“ eða „DIMNIGHT“

Notkunarkafli

Afþreying – ef hún er til staðar


---

## **Sjálfvirk stilling**

Í sjálfvirkri stillingu er sjálfkrafa skipt á milli dags- og næturstillingar þegar útvarpið er tengt við lýsingu ökutæksins.




## Listi yfir kerfisstillingaatriði



Skýringarmynd 6

g06732298



Skýringarmynd 7

g06732301

## Valkostir AM/FM-útvarps

AM/FM-útvarpið býður eftirfarandi valkosti:

- “TA” Kveikja/slökkva á sjálfvirkum skiptum yfir á FM-útvarp þegar umferðartilkygningar berast.
- “TA Return” Tími þar til skipt er aftur til baka eftir að umferðartilkygningar hætta að berast.
- “AF” Kveikja/slökkva á sjálfvirku vali á bestu útsendingartíðni í FM-útvarpi (RDS).
- “REG” Kveikja/slökkva á sjálfvirku vali á betri útsendingartíðni fyrir svæðisbundið efni.
- “CT” Sjálfvirk samstilling klukku við tíma sem berst með RDS-merki.
- “VISCLOCK” Klukkan sést á skjánum eftir að slökkt er á útvarpinu (þetta virkar ekki þegar rafgeymirinn hefur verið aftengdur).
- “DX/LO” Leitarstig AM/FM-útvarps.
- “ST/MONO” Val á milli sterió og mónó í FM/AM-útvarpinu.
- “AREA SEL” Fyrir stillingu AM/FM-útvarpsins á viðkomandi svæði.

## Valkostir DAB-útvarps

Eftirfarandi eiginleikar eru í boði fyrir DAB-útvarp:

- “DAB FMLINK” Kveikja/slökkva á sjálfvirkum skiptum í FM-útvarp þegar ekkert DAB-merki er til staðar.
- “DAB LBND” Kveikja/slökkva á afkóðun L-tíðni.
- “DAB ANT” Val um hvort virkt eða óvirkt loftnet er tengt.
- “DLS SCROLL” Kveikja á birtingu flytjanda og lags

## Bluetooth-valkostir (fyrir Bluetooth-útvörp)

- “SCROLL” ON: Renna upplýsingum ID3-merkis eftir skjánum: lag – mappa – skrá – plata – titill – flytjandi – lag. OFF: Birta lag.
- “MIC SEL” Nota innbyggðan hljóðnema útvarps eða ytri hljóðnema sem tengdur er um tengi að aftan.
- “AUTO CON” Til að slökkva/kveikja á Bluetooth-tengingu.

## Valkostir stjórnækja í stýri

Eftirfarandi eru valkostir stjórnækja í stýri:

- “SWRC TYPE” Val á gerð stjórnækja í stýri (viðnám / púlsvíddarmótun).
- “SWRC SET” Til að kveikja/slökkva á stjórnækjum í stýri.

## Valkostir dekkingar

Eftirfarandi eru valkostir dekkingar:

- “DIMMING” Til að velja dekkingarstillingu (slökkt, handvirkt, sjálfvirkt).
- “DIM DISP” Til að stilla birtustig skjás.
- “DIM KEY” Til að stilla birtustig hnappa.
- “DIS MAN” Til að skipta á milli dags- og næturstillingar

## Aðrir valkostir

- “AM / MW” Til að kveikja/slökkva á AM / MW-útvarpi.
- “LW” Til að kveikja/slökkva á LW-útvarpi.
- “BEEP” Til að kveikja/slökkva á staðfestingarmerki.
- “Logic” Til að kveikja/slökkva á svissreglu.
- “Clock” Til að stilla klukkustundir og mínútur.
- “12H / 24H” Til að velja á milli 12 klukkustunda og 24 klukkustunda sniðs.

## Ráð og úrræðaleit


Eftirfarandi gátlisti getur komið að gagni við að leysa sum vandamál sem kunna að koma upp við notkun þessarar einingar. Áður en rætt er við þjónustufulltrúa skal kanna tengingar og fylgja leiðbeiningum í notendahandbókinni. Ekki nota eininguna við óeðlilegar aðstæður. Dæmi um slíkar aðstæður eru að ekkert hljóð heyrir, reykur myndast eða vond lykt er til staðar. Slíkar aðstæður geta gefið til kynna hættu á eldi eða raflosti. Hættið notkun útvarpsins tafarlaust og hafið samband við verslunina þar sem útvarpið var keypt.

Tafla 5

Vandamál	Hugsanleg ástæða	Lausn
<b>Almenn</b>		
Ekki er hægt að kveikja á einingunni.	Ekki er svissað á. Snúra er ekki rétt tengd. Sprungið öryggi.	Svissið á. Athugið tengingar snúru. Skiptið út öryggi fyrir nýtt öryggi með sömu ampertölu.
Ekkert hljóð	Hljóðstyrkur er á lægsta styrk eða slökkt hefur verið á hljóði.	Kannið hljóðstyrkinn eða kveikið á hljóðinu.
Einingin eða skjárin virkar ekki eðlilega.	Kerfi einingarinnar er óstöðugt.	Ýtið á hnappinn RESET.
<b>Stöðvastilling</b>		
Ekki hægt að stilla á stöðvar.	Loftnetið er rangt tengt.	Tengið loftnetið rétt.
Sendistyrkur útværpsstöðvar er lélegur.	Loftnetið er ekki í fullri lengd eða það er bilað.	Dragið loftnetið út í fulla lengd eða skiptið því út fyrir nýtt.
<b>USB-stilling</b>		
Ekki er hægt að tengja USB-tæki.	USB-tækið snýr vitlaust.	Snúið því rétt.
Ekki er hægt að lesa USB-tækið.	NTFS-snið er ekki stutt.	Tryggið að skráakerfið sé á FAT- eða FAT32-sniði. Mismunandi snið geta leitt til þess að ekki er hægt að lesa sumar gerðir geymslu-tækja eða MP3-spilara.

## Aukabúnaður

---



---

Skýringarmynd 8

g06248183

### Aukabúnaður útværps

(1) Málmhlíf

(2) Verkfæri til að losa

(3) Rammi

## Efnisyfirlit

### A

Almennar upplýsingar um hættu .....	5
Áður en notkun hefst.....	5
Formáli.....	5
Inngangur.....	5
Varúð.....	5
Varúðarráðstöfun .....	5

### F

Formáli.....	4
Notkun .....	4
Upplýsingar um handbókina .....	4
Viðhald .....	4
Öryggi .....	4

### I

Innihald .....	3
----------------	---

### M

Mikilvægar öryggisupplýsingar.....	2
------------------------------------	---

### N

Notkun .....	8
Notkunarkafli .....	8

### U

Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk .....	6
--	---

### Ú

Útvarp (Afpreying – ef hún er til staðar) .....	8
Inngangur.....	8
Móttökutæki, steríó (Bluetooth-útvörp).....	8
Útvarp (Hefðbundið útvarp – ef það er til staðar).....	6
sDoC.....	6
Tæknilýsing.....	6
Vottunartilkynningar .....	7
Útvarpstíðniíhlutir .....	6

### Ö

Öryggiskafli.....	5
-------------------	---



# Upplýsingar um tæki og umboð.

Athugasemd: Varðandi upplýsingar um raðnúmeraplötur, sjá kafla "Product Identification Information" í Notkunar- og viðhaldsbókinni ("Operation and Maintenance Manual").

Afhendingardagur: \_\_\_\_\_

## Upplýsingar um tækið

Gerð: \_\_\_\_\_

Framleiðslunúmer: \_\_\_\_\_

Raðnúmer vélar: \_\_\_\_\_

Raðnúmer gírkassa: \_\_\_\_\_

Raðnúmer rafals: \_\_\_\_\_

Raðnúmer fylgibúnaðar: \_\_\_\_\_

Upplýsingar um fylgibúnað: \_\_\_\_\_

Tækjanúmer eiganda: \_\_\_\_\_

Vélaskrárnúmer umboðs: \_\_\_\_\_

## Upplýsingar um umboð

Nafn: \_\_\_\_\_ Útibú: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Sambandsaðili

Símanúmer

Afgreiðslutími

Sala: \_\_\_\_\_

Varahlutir: \_\_\_\_\_

Þjónusta: \_\_\_\_\_

M0086999  
©2022 Caterpillar  
Allur réttur áskilinn

CAT, CATERPILLAR, LET'S DO THE WORK, kennimerki þeirra, „Caterpillar Corporate Yellow“, „Power Edge“ og Cat „Modern Hex“ vöruútlitið, auk þeirra fyrirtækis- og vöruauðkenna sem hér eru notuð, eru vörumerki Caterpillar og er notkun þeirra óheimil nema með skriflegu leyfi.

